

Ár 2021, fimmtudaginn 27. maí, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Gunnari Guðmundssyni, Ástu Björk Eiríksdóttur og Helga R. Magnússyni.

**Fyrir er tekið málið nr. 4/2021:**

Knattspyrnudeild Víkings gegn Knattspyrnudeild FH

Gögn málsins liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

**ÚRSKURÐUR:**

**I.**

**Aðilar máls:**

Knattspyrnudeild Víkings, kt. 420787-1469  
Fyrirsvarsmaður: Haraldur Haraldsson

Knattspyrnudeild FH, kt. 410687-1359  
Fyrirsvarsmaður: Hildur Jóna Þorsteinsdóttir

**II.**

**Málsatvik:**

Mánudaginn 17. maí 2021 fór fram leikur FH og Víkings í Mjólkurbikarkeppni kvenna. Í leiknum, sem endaði með sigri FH með einu marki gegn engu, var fimm leikmönnum skipt inn á í liði FH og þremur leikmönnum skipt inn á í liði Víkings. Samanlagðar leikstöðvanir sem notaðar voru leikmannaskipta í leiknum, að frátöldu leikhléi, voru fjórar. Lið FH nýtti sér fjórar leikstöðvanir til leikmannaskipta í síðari hálfleik og Víkingur nýtti sér tvær leikstöðvanir til leikmannaskipta.

Þann 19. maí sl. barst aga- og úrskurðarnefnd KSÍ kæra frá knattspyrnudeild Víkings þar sem þess er krafist að leikur FH og Víkings í Mjólkurbikarkeppni kvenna þann 17. maí sl. verði dæmdur FH tapaður 3-0. Knattspyrnudeild FH var boðið að halda uppi vörnum í máli þessu og barst greinargerð til aga- og úrskurðarnefndar frá FH þann 26. maí 2021.

Í kæru knattspyrnudeildar Víkings sem barst aga- og úrskurðarnefnd KSÍ þann 19. maí kemur m.a. eftirfarandi fram:

Í 29. grein reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót er ákvæði til bráðabirgðar sem segir:  
*„Í efstu deild kvenna og í bikarkeppni KSÍ er heimilt að setja 5 varamenn inn á í leik. Í hverjum leik er heimilt að nota að hámarki þrjár leikstöðvanir til skiptinga en einnig má nýta leikhléið til skiptinga. Sé leikur framlengdur má hvort lið nota einn varamann til viðbótar með því að nota eina leikstöðvun til viðbótar. Einnig má nýta hlé fyrir upphaf framlengingar og hálfleik framlengingar til skiptinga.“*

Í 1. grein reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót segir enn fremur í lið 1.1 :

*„Öll knattspyrnumót og knattspyrnuleikir skulu fara fram í samræmi við knattspyrnulögin og samkvæmt lögum og reglugerðum KSÍ.“*

Það er ljóst að ekki var farið eftir reglugerðum KSÍ við framkvæmd leiksins. Það keppnislið sem brýtur gegn reglugerð KSÍ um knattspyrnumót í tengslum við framkvæmd leiksins ber eitt hallann af því broti og því ber að dæma leik þess liðs tapaðan líkt og krafist er.

Skv. atvikaskráningu í leikskýrslu leiksins gerir FH sína fjórðu leikstöðvun til leikmannaskiptingar í síðari hálfleik á 88. mín leiksins. Áður höfðu komið skiptingar á 64. mín, 66. mín og 77. mín. Þetta er óumdeilt og ástæðulaust að rekja frekar og er látið við það sitja að vísa í leikskýrslu leiksins máli Víkings til stuðnings.

Skv. þjálfurum Víkings gerði dómari leiksins þjálfurum FH grein fyrir því að leikstöðvanir þeirra vegna skiptinga væru búnar en þjálfarar FH hafi neitað því að leikstöðvun á 66. mín hafi verið þeirra þar sem Víkingur gerði skiptingu á sama tíma. Slíkt fær hins vegar enga stoð í reglum og er það alveg ljóst að skipti bæði lið um leikmenn á sama tíma telst það sem leikstöðvun á bæði lið en ekki aðeins það lið sem fyrr biður um skiptingu.

Knattspyrnudeild Víkings vísar máli sínu til stuðning á dóm nr. 3/2004 í máli ÍH gegn ÍR. Í leiknum notaði ÍR of marga varamenn m.v. reglugerð. Dómstóll KSÍ dæmdi ÍR í vil á grundvelli þess að síðasta skipting ÍR í leiknum falli undir atvik leiksins og á því beri dómari leiksins ábyrgð. Áfrýjunardómstóll KSÍ sneri þeim dómi við og í úrskurðarorðum segir m.a.:

*„Skyldur dómarsins felast í því að stjórna leiknum og framfylgja knattspyrnulögunum við dómgæslu á vellinum. Regluna um fjölda varamanna er ekki að finna þar heldur í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og varðar skipan keppnisliða í kappleikjum en ekki framkvæmd leiksins sjálfs inná vellinum.“*

Í greinargerð sem barst frá knattspyrnudeild FH kemur m.a. eftirfarandi fram:

FH vísar til gr. 1.1 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót nr. 16 frá apríl 2021 þar sem fram kemur að öll knattspyrnumót og knattspyrnuleikir skulu fara fram í samræmi við knattspyrnulögin og samkvæmt lögum og reglugerðum KSÍ.

Auk þess er vísað til ákvæðis til bráðabirgða 2021 í 29. gr. sömu reglugerðar þar sem fram kemur að í efstu deild kvenna og í bikarkeppni KSÍ sé heimilt að setja 5 varamenn inn á í leik, auk þess að í hverjum leik sé heimilt að nota að hámarki þrjár leikstöðvanir til skiptinga en einnig megi nota leikhléið til skiptinga.

Þá er vísað til 3. og 5. gr. knattspyrnuleganna 2020-21. Í 3. gr. er að finna ákvæði um leikmannaskiptingar, m.a. fjölda og framkvæmd þeirra og í 5. gr. er að finna ákvæði um dómara, m.a. um valdsvið og ákvarðanir hans.

Samkvæmt gr. 3.2 í knattspyrnuleganna er það m.a. aðildarsambands, KSÍ, að ákvarða hversu margar skiptingar megi gera í leikjum. Voru þrjár skiptingar heimilrar í meistaraflokki kvenna, en þó fimm skiptingar í 1. og 2. deild. Bráðabirgðaákvæði 29. gr. reglugerðar um knattspyrnumót gildir tímabundið og var m.a. sett til fyllingar fyrrnefndrar gr. 3.2. knattspyrnuleganna vegna Covid-19.

Þar segir orðrétt: „Í efstu deild kvenna og í bikarkeppni KSÍ er heimilt að setja 5 varamenn inn á í leik. Í hverjum leik er heimilt að nota að hámarki þrjár leikstöðvanir til skiptinga en einnig má nýta leikhléið til skiptinga.“

Hvergi kemur fram hvað átt er við með „leikstöðvun“ í reglugerðum KSÍ. Þó er að finna fjölmarga staði í knattspyrnulögunum þar sem kveðið er á um stöðvun leiks. Tilgangur þess að takmarka innáskiptingarnar fimm, sem heimilar eru, við þrjár leikstöðvanir er væntanlega sá að leikurinn verði ekki fyrir of miklum tögum þannig að nýttar séu tíu leikstöðvanir til að skipta samtals tíu leikmönnum inn á völlinn í einum leik. Því var ákveðið að takmarka þessar samtals tíu innáskiptingar við sex leikstöðvanir, þannig að hvort lið getur óskað eftir leikstöðvun þrisvar sinnum í hverjum leik.

Samkvæmt leiksskýrslu leiksins voru gerðar átta innáskiptingar í fimm leikstöðvunum. FH nýtti sér ósk Víkings um leikstöðvun á 66. mínútu leiksins og skipti sínum þriðja varamanni inn á. Fjórða skiptingin átti sér stað á 77. mínútu leiksins og sú síðasta á 88. mínútu, en þá var staðan orðin 1-0 fyrir FH.

Ekkert fordæmi er til staðar um túlkun á ákvæðum bráðabirgðaákvæðis 29. gr. knattspyrnulaganna. Orðalagið er ekki eins skýrt og það hefði mátt vera, t.d. að hvert lið megi einungis nýta sér þrjár leikstöðvanir sem það óskar eftir til að skipta inn á fimm varamönnum í hverjum leik. Verður því að telja að FH hafi ekki gert neitt rangt í tengslum við innáskiptingar í leiknum á móti Víkingi.

Komist aga- og úrskurðarnefnd KSÍ að því að brotið hafi verið gegn ákvæðum 29. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót er á því byggt að það var dómari leiksins sem tók ákvörðun og heimilaði FH að gera skiptinguna á 88. mínútu leiksins.

Samkvæmt gr. 5.1 í knattspyrnulögunum er öllum leikjum stjórnað af dómara. Kemur svo fram í gr. 5.2 að úrskurðir dómarans varðandi atvik leiksins, þ.m.t. hvort mark sé skorað eða ekki og úrslit leiksins, eru endanlegir. Ávallt beri að virða ákvarðanir dómarans og allra hinna í dómarateyminu.

Ræddu aðstoðardómari og aðaldómari leiksins um hvort FH væri heimilt að gera skiptinguna og var ákvörðunin sú að skiptingin væri heimil skv. knattspyrnulögunum og reglugerðum KSÍ. Engar athugasemdir voru gerðar af hálfu Víkings þegar sú skipting fór fram. Þjálfarateymi FH treysti því að dómari leiksins væri að taka lögmæta ákvörðun og framfylgdi því heimildinni frá dómaranum með því að láta skiptinguna fara fram.

Skiptingin fór fram á 88. mínútu leiksins. FH hafði komist yfir í leiknum með marki á 85. mínútu leiksins. Hin meinta ólögmæta skipting kom seint í leiknum og hafði engin áhrif á leikinn enda einungis örfáar mínútur eftir þegar leikmanninum var skipt inn á. Yrði það ansi harkalegt og afar ósanngjörn niðurstaða ef komist yrði að þeirri niðurstöðu að dæma Víkingi sigur í leiknum vegna ákvörðunar dómara um að heimila skiptingu. Þess vegna gerir FH þá varakröfu að kröfu Víkings verði hafnað og að leikurinn fari fram að nýju þess í stað.

Auk þess má benda á að 6. gr. knattspyrnulaganna er hlutverk t.d. fjórða dómara, ef hann er skipaður á leik, að aðstoða dómara við stjórn leiksins en að lokaákvörðunin sé ávallt dómarans að taka. Ef fjórði dómari er skipaður á leik er hans hlutverk m.a. að „stjórna leikmannaskiptum“, sbr. gr. 6.2. Sé hann ekki skipaður er það dómarateymið í heild sem stjórnar leikmannaskiptunum og tekur nauðsynlegar ákvarðanir.

Lögð er á það áhersla að um tímabundið ákvæði (bráðabirgðaákvæði) er að ræða sem sett var inn í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Það var ekki eins skýrt og það hefði mátt vera og gefur tilefni til túlkunar. Túlkun dómara leiksins var á þann veg að FH væri ekki búíð með sínar leikstöðvanir í tengslum við skiptingar og heimilaði skiptinguna á 88. mínútu leiksins. Dómari tekur ákvörðun um hvort skipting sé heimil eða ekki á grundvelli knattspyrnulaganna þótt umþrætt ákvæði sé að finna í reglugerð um knattspyrnumót. Ákvæðið er til fyllingar gr. 3.2 knattspyrnulaganna um fjölda skiptinga og því hefur dómari leiksins fullt ákvörðunarvald, sbr. gr. 5.1 knattspyrnulaganna.

Af ótalmörgum ástæðum hefur úrskurður 3/2004 ekkert fordæmisgildi í málinu sem hér er til umfjöllunar. Þar snérist ágreiningur málsins um fjölda skiptinga en ekki um fjölda leikstöðvana. Ekkert var því til túlkunar í því máli heldur einungis hvort dómara hafi verið heimilt að heimila fjórðu skiptinguna andstætt afar skýru ákvæði um að aðeins þrjár skiptingar voru heimilar. Í máli Víkings gegn FH er ekki um slíkt að ræða heldur ákvörðun dómarans í leik að heimila skiptinguna á þeim grundvelli að FH hafi nýtt sér leikstöðvun Víkings þegar skipting fór fram á 66. mínútu leiksins.

Að lokum er áréttað að hafna ber kröfum Víkings að öllu leyti, en til vara að leikurinn verði spilaður aftur.

### III. Niðurstaða:

Mál það sem hér er til meðferðar fyrir aga-og úrskurðarnefnd KSÍ snýst m.a. um túlkun á bráðabirgðaákvæði fyrir árið 2021 í 29. grein reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót um leikmannaskipti í efstu deild kvenna og bikarkeppni KSÍ. Ákvæðið er svohljóðandi: „Í efstu deild kvenna og í bikarkeppni KSÍ er heimilt að setja 5 varamenn inn á í leik. Í hverjum leik er heimilt að nota að hámarki þrjár leikstöðvanir til skiptingar, en einnig má nýta leikhléið til skiptinga.”

Af orðalagi bráðabirgðaákvæðis 29. greinar verður ráðið að heimilt sé að nota þrjár leikstöðvanir í hverjum leik til leikmannaskipta. Verður að túlka ákvæðið þannig að átt sé við þrjár leikstöðvanir í heild sem hvort lið hefur tækifæri á að nýta til leikmannaskipta óháð því hvort liðið óskar eftir leikstöðvun. Samtals hjá báðum liðum geta leikstöðvanir í hverjum leik því að hámarki verið sex en þar fyrir utan meggi nýta leikhléið til skiptinga.

Ekki er um það deilt á milli málsaðila að í leik FH og Víkings, í Bikarkeppni KSÍ þann 17. maí sl., hafi FH nýtt fjórar leikstöðvanir til leikmannaskipta í síðari hálfleik. Leikskýrsla dómara leiksins staðfestir einnig að svo hafi verið. Þar með hafi FH notað fleiri leikstöðvanir til skiptinga en heimilt er samkvæmt nefndu bráðabirgðaákvæði í 29. grein reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót án þess þó að hafa farið gegn reglu um tiltekin fjölda varamanna sem heimilt er að setja inn á. Af þeim ástæðum er mál þetta ekki sambærilegt máli nr. 3/2004 sem vitnað er til í greinargerð kæranda en í því máli hafði of mörgum varamönnum verið skipt inn á. Í þessu máli skipti kærði inn á fimm varamönnum eins og kærði hafði heimild skv. nefndu bráðabirgðaákvæði en þó með því að nýta fjórar leikstöðvanir í stað þriggja.

Eins og mál þetta er vaxið liggur fyrir að óvissa hafi skapast um það í lok leiks FH og Víkings hvort liði FH væri heimilt að stöðva leik til að skipta inn á fimmta varamanni sínum í leiknum. Kærði hafði á þeim tíma notað þrjár leikstöðvanir til leikmannaskipta.

Í greinargerð er vísað til þess að þjálfarar FH ásamt aðstoðardómara og aðaldómara umrædds leiks hafi rætt saman um hvort FH væri heimilt að gera skiptinguna og hafi ákvörðunin verið sú að skiptingin væri heimil. Vitnisburður sem borist hefur til nefndarinnar frá aðstoðardómara í leiknum staðfestir þá atburðarrás. Samkvæmt grein 5.2. knattspyrnulaganna ber dómara að gera sitt besta til þess að taka ákvarðanir í samræmi við knattspyrnulögin og anda leiksins og þær munu byggjast á mati dómarans á aðstæðum og því svigrúmi sem rammi laganna veitir honum. Samkvæmt 6. gr. knattspyrnulaganna er hlutverk aðstoðardómara m.a. að fylgjast með því að leikmannaskipti fari fram með réttum hætti. Reynist ákvörðun aðaldómara eða aðstoðardómara röng, eftir að leikur er hafinn að nýju, verður þrátt fyrir það ganga út frá því að ákvörðun dómarans sé endanleg.

Með vísan til framangreinds og með vísan til þess að mistök dómara við stjórn leikmannaskiptinga höfðu ekki áhrif á úrslit leiks að mati aga- og úrskurðarnefndar telur nefndin að ekki sé unnt að skýra afleiðingar brots á þann hátt sem kærði telur að beri að gera með því að ógilda úrslit leiksins.

Af þeim sökum ber að taka til greina kröfu kærða um sýknu í málinu og úrslit leiksins látin standa óbreytt.

#### IV.

#### **Úrskurðarorð:**

Kröfum knattspyrnudeildar Víkings er hafnað.

#### **Um Áfrýjun:**

Samkvæmt grein 16.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Gunnar Guðmundsson [sign]

Ásta Björk Eiríksdóttir [sign]

Helgi R. Magnússon [sign]